

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi bæjartorfu Efsta-Dals 2.*  
Í breytingunni felst að afmörkuð er 2.181 m<sup>2</sup> lóð utan um kálfaeldishús sem verið er að byggja við eldra hús. Byggingarreitur Ú3 er innan lóðarinnar og haldast skilmálar óbreyttir. Samþykkt í sveitarstjórn 10. desember 2015.
2. *Breyting á deiliskipulagi Laugarvatns, Lindarbraut 3.*  
Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðarinnar Lindarbraut 3 stækkar um 1,5 m til norðurs þannig að hann verði um 3,5 m frá lóðarmörkum Lindarbrautar 5 í stað 5 m. Samþykkt í sveitarstjórn 7. janúar 2016.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 27. janúar 2016.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 10. febrúar 2016